# Ránið á Bæ á Rauðasandi 1579



Árið 1579 voru um 70 sjóræningjar á skipi í Patreksfirði. Sagt er að fálkakaupmanninum Jóni Falck hafi verið uppsigað við lögmanninn Eggert Hannesson á Bæ á Rauðasandi og að hann hafi vísað ræningjunum á býli Eggerts. Þann 29. júní komu sjóræningjarnir að Bæ, brutust þar inn, helsærðu einn mann og létu greipar sópa í bænum og kirkjunni. Eggert sagði sjálfur í bréfi til Friðriks II Danakonungs að þeir hafi sett hann nakinn upp á hest og haldið honum föngnum í 14 daga í kaupstaðnum á Vatneyri. Þar hafi þeir í tvær vikur þvingað fé af honum og fleira fólki, pínt mann einn með eldi, rænt víða og lifað „skammarlegum lifnaði með konum og stúlkum móti þeirra eigin vilja“. Því næst reru ræningjarnir með Eggert til Bíldudals. Þar var virki þýskra kaupmanna, gert úr torfi. Ræningjarnir fóru upp í virkið og skutu af byssunum. Sagt er að þá hafi kaupmennirnir flúið í ofboði og ræningjarnir stolið öllu steini léttara á Bíldudal, en ekki gert fólki skaða. Síðan fluttu þeir Eggert yfir í kaupstaðinn í Skutulsfirði, rændu kirkjuna þar, nauðguðu konum og drápu fjóra menn. Eggert létu þeir loks lausan eftir að þýskur skipstjóri gekk í ábyrgð fyrir hann.

**Heimildir:**
Helgi Þorláksson: *Sjórán og siglingar. Ensk-íslensk samskipti 1580-1630.*
Hafliði Magnússon: *Arnarfjörður.*

## Robbery in Bær at Rauðisandur 1579

In the year 1579, a ship arrived in Patreksfjörður with approximately 70 pirates on board. According to the story, the falcon merchant Jón Falck led them to the lawyer, Eggert Hannesson at Bær on Rauðisandur. The reason was Jón's grudge against Eggert. The pirates broke into Bær on the 29th of June. They brutally attacked one man and burgled the farm as well as the church. In a letter to Frederik II, King of Denmark, Eggert said that they had put him naked on a horse and taken him to the town Vatneyri, where they kept him hostage for 14 days. There they blackmailed him and other people for money, tortured a man with fire, robbed townspeople, and lived “in a shameful way with women and girls without their consent”. The pirates sailed to a fort made of turf, which German merchants had constructed, in Bíldudalur and took Eggert with them. They entered the fort and fired the cannons. The merchants fled as fast as they could whilst the thieves stole everything they could get their hands on, this time, however, without harming anyone. They then moved Eggert to the town of Skutulsfjörður, where they robbed the church, raped women and killed four men. They finally released Eggert when a German captain vouched for him.

**Source:**
Helgi Þorláksson: *Sjórán og siglingar. Ensk-íslensk samskipti 1580-1630.*
Hafliði Magnússon: *Arnarfjörður.*